

Ár 2025, mánudaginn 24. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Íris Björk Hreinsdóttir formaður, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson, Magnús Fannar Sigurhansson og Ágúst Bragi Björnsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 42/2023**:

Málskotsaðili M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. október 2023 með kvörtun sóknaraðila dagsett 25. október 2023. Með tölvupósti nefndarinnar 30. október 2023 var kvörtunin send varnaraðila og varnaraðila gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 15. desember 2023. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar þann 21. desember 2023, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust frá sóknaraðila með tölvupósti dags. 21. desember 2023. Með tölvupósti nefndarinnar sama dag var varnaraðila veittur kostur á að gera athugasemdir við bréf sóknaraðila. Engar frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila skv. tölvupósti frá varnaraðila þann 2. janúar 2024.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. júní 2024 og 24. mars 2025.

II.

Málsatvik.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að upphæðir hafi verið teknar í tvö skipti af kreditkorti hans og reynt hafi verið að taka upphæðir í fleiri skipti, án árangurs.

Enga frekari lýsingu er að finna á atvikum máls t.d. hvort vitað sé hvernig umræddar færslur hafi komið til, né skýr samskiptasaga við varnaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili vísar til þess að í tvö skipti hafi upphæðir verið teknar af kreditkorti hans og að reynt hafi verið að taka upphæðir í fleiri skipti, án árangurs. Ekki er varpað

frekari ljósi á málsatvik, auk þess sem í takmörkuðum gögnum málsins er ekki að finna skýringar sem varpa ljósi á málið.

Óljóst er hver krafa sóknaraðila er fyrir nefndinni.

Í þeim viðbótargögnum sem bárust frá sóknaraðili þann 23. desember 2023 var ekki að finna frekari reifun á málsatvikum, ítarleg gögn eða samskiptasögu til að skýra málið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst frávísunar, en til vara að kröfunni verði hafnað. Varnaraðili ber fyrst og fremst fyrir sig frávísun á þeim grundvelli að málatilbúnaður sóknaraðila uppfylli ekki b. og i. lið 1. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 7. gr., né ákvæði 2. mgr. 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar. Varnaraðili telur að engin gögn hafi verið lögð fram af hálfu sóknaraðili um að hann hafi lagt fram kröfu á hendur varnaraðila sem hann hafi hafnað. Varnaraðili telur því að sóknaraðili beri engri kröfu við.

Varnaraðili leggur áherslu á að sóknaraðili geri ekki grein fyrir málsatvikum eða þeim málsástæðum sem hann byggir á og að engin lagarök komi fram. Því til stuðnings vísar varnaraðili í i. lið 4. gr. samþykktu nefndarinnar, þar sem fram kemur að séu mál það óljós, illa upplýst eða kröfur svo óskýrar að þau eru ekki tiltæk til úrskurðar skal vísa máli frá nefndinni. Jafnframt er vísað til 1. mgr. 7. gr. samþykktu til fyllingar. Varnaraðili ber því jafnframt við að málatilbúnaðurinn sé algjörlega vanreifaður sem gerir bankanum ómögulegt að taka til varna í málinu.

Varakrafa varnaraðila um höfnun er byggð á því að hann geti ekki tekið efnislega afstöðu til kröfu sóknaraðila, málsatvika eða málsástæðna þar sem þau koma ekki fram í kvörtuninni.

V.

Niðurstaða.

Í málatilbúnaði sóknaraðila er ekki að finna lýsingu á atvikum máls með skýrum hætti. Málatilbúnaðurinn er óljós og fyrirbyggjandi gögn varpa ekki ljósi á málið, auk þess er kröfugerð sóknaraðila fyrir nefndinni er óskýr. Í ljósi framangreinds er nefndinni ómögulegt að taka efnislega afstöðu til kvörtunar sóknaraðila. Kvörtun sóknaraðila er vísað frá á grundvelli i. liðar 1. mgr. 4. gr., sbr. einnig 1. mgr. 7. gr. samþykktu nefndarinnar.

Til viðbótar telur nefndin sóknaraðila ekki hafa sannað með fullnægjandi hætti að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðili í skilningi 2. mgr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar þar sem málatilbúnaðar sóknaraðila er óljós og vanreifaður.

Vakin er athygli sóknaraðila að á grundvelli 2. málsl. i. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktu nefndarinnar skal nefndin taka mál til meðferðar að nýju hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð. Er sóknaraðila því mögulegt að leggja málið fyrir nefndina að nýju verði bætt úr framangreindum annmörkum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M á hendur varnaraðila F er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. mars 2025
rafræn undirritun

Íris Björk Hreinsdóttir

Ágúst Bragi Björnsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Magnús Fannar Sigurhansson

Jóhann Tómas Sigurðsson